

Nr. 18-078 S 053 Engey RE 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2889
IMO: 9756315
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: HB Grandi hf.
Stærð: 1827,40 bt
Mesta lengd: 55,15 m Skráð lengd: 51,75 m
Breidd: 13,50 m Dýpt: 8,20 m
Vél: MAN, 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 16
Fjöldi farþega: 2



Engey©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. maí 2018 var Engey RE 1 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: A 8 m/s og ölduhæð 2 m.

Á siglingunni voru skipverjar við frágang á afla í kör í forlest. Skipverji sem var að setja dagmiða í kar, sem var fast í færibandakrana, flækti hægri hendina undir bandinu og klemmdist þannig að hann fingurbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var frá vinnu í tvær vikur;
- að verklaginu var breytt eftir þetta og miðarnir settir í karið áður en færibandakraninn tók það eða eftir að hann var búinn að skila því af sér á lyftuna sem flutti kör niður í lest.



Mynd sýnir fiskikar í krananum í forlestinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.